

Greinargerð um 32. allsherjarþing IMO (Assembly 32)

Efnisyfirlit

Greinargerð um 32. allsherjarþing IMO (Assembly 32)	1
Um þingið	1
Tekist á um vanda sjómanna í COVID-19 heimsfaraldrinum.....	2
Sjórán og vopnað rán gegn skipum og ólögleg starfsemi í Gíneufloa	2
Gildistaka og framkvæmd Höfðaborgarsamningsins frá 2012 um öryggi fiskiskipa (<i>e. Cape Town Agreement</i>).....	3
Áratugurinn 2021-2030 um uppbyggingu á menntun og færni.....	3
Komið í veg fyrir sviksamlega skipaskráningu og aðrar ólöglegar athafnir á sviði siglinga	3
Uppfærð stefnumótunaráætlun um mannlega þáttinn	4
Alþjóðlegur dagur kvenna í siglingatengdum atvinnugreinum.....	4
Fjárhags- og verkáætlun.....	5
Kosning í ráð IMO fyrir næstu tvö ár, 2022 og 2023.....	5
Samþykkt breytinga á IMO-samningnum - stækkun ráðsins	6
Leiðbeiningar um 17. gr. IMO-samningsins	6
Tæmandi skrá yfir þingsályktanir (<i>e. Assembly Resolutions</i>) sem hlutu samþykki á þinginu	6
Allsherjarþing IMO.....	8
Fundarskjöl þingsins: IMODOCS.....	8
Embættismenn þingsins	8
Forseti þingsins	8
Varaforsetar.....	8

Um þingið

IMO-þingið kom saman á fjarfundi og staðfundi á 32. fundi sínum (A 32) dagana 6. til 15. desember 2021. Um 1.400 fulltrúar skráðu sig til fjarfundar eða voru viðstaddir í aðalsal aðalstöðva IMO.

Af Íslands hálfu sóttu þingið með fjarfundarfyrirkomulagi Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins, Kristín Helga Markúsdóttir framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og þróunarviðs Samgöngustofu og Sverrir Konráðsson fagstjóri á sama sviði. Einnig sótti fundinn í aðalstöðvum IMO Þurý Björk Björgvinsdóttir sendiráðsritari í sendiráði Íslands í London þegar kosið var í ráð IMO.

Ávörp háttsettra fulltrúa aðildarríkja voru flutt við upphaf þingsins. Ávörpin voru útbúin fyrirfram og sýnd samkvæmt fyrirframákveðinni röð. Fyrir Íslands hönd flutti Ragnhildur Hjaltadóttir, ráðuneytisstjóri

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins ávarp. Þar fjallaði hún einkum um öryggi fiskiskipa og hvatti aðildarríki til að taka til skoðunar að fullgilda Höfðaborgarsamninginn frá 2012, með vísan í þingsályktun sem lá fyrir þinginu. Einnig hvatti hún til þátttöku kvenna í siglingatengdum atvinnugreinum.

Þingið samþykkti breytingar á IMO-samþykktinni í því skyni að fjölga aðildarríkjum í ráðnu í 52. Einnig samþykkti þingið fjölda mikilvægra ályktana, þar á meðal um áhafnarskipti í heimsfaraldri, forvarnarráðstafanir gegn sjóræningjum í Gíneufloá, aðgerðir til að byggja upp færni, öryggi fiskiskipa og varnir gegn ólöglegum skipaskráum og öðru svíksamlegu atferli.

Tekist á um vanda sjómanna í COVID-19 heimsfaraldrinum

Þingið samþykkti ályktun um víðtækar aðgerðir til að takast á við vanda sjómanna í COVID-19 heimsfaraldrinum, samræma aðgerðir tengdar áhafnarskiptum, aðgengi að læknishjálpi, útnefningu sjómanna sem „lykilstarfsmanna“ og forgangsröðun sjómanna fyrir COVID-19 bólusetningu.

Í ályktuninni eru aðildarríki hvött:

- til að útnefna sjómenn sem „lykilstarfsmenn“ til að auðvelda þeim landgönguleysi og örugga og óhindraða ferðir yfir landamæri og viðurkenna viðeigandi skjöl þeirra í þessu skyni;
- til að íhuga innleiðingu ráðlagðra viðmiðana og samskiptareglna til að tryggja örugg áhafnarskipti og ferðalög meðan kórónuveiruheimsfaraldurinn (COVID-19) geisar;
- til að setja bólusetningu sjómanna í forgang, eftir því sem við verður komið, í landsbundnum COVID-19 bólusetningaráætlunum þeirra;
- til að íhuga að undanþiggja sjómenn frá innanlandsreglum um að færa sönnur COVID-19 bólusetningu sem skilyrði fyrir komu til lands, að teknu tilliti til þess að sjómenn ættu að vera tilnefndir sem „lykilstarfsmenn“ þar sem þeir ferðast oft yfir landamæri; og
- til að veita sjómönnum tafarlausan aðgang að læknishjálpi og auðvelda flutning slasaðra eða veikra sjómanna sem þarfnast bráðrar læknishjálpar þegar ekki er hægt að veita nauðsynlega læknishjálpi hvorki um borð né í viðkomuhöfn.

Sjórán og vopnað rán gegn skipum og ólögleg starfsemi í Gíneufloá

Þingið samþykkti uppfærða ályktun um að koma í veg fyrir sjórán og vopnað rán gegn skipum og ólöglegu starfsemi í Gíneufloá (til að uppfæra ályktun IMO-þingsins A.1069(28)).

Ályktunin varpar ljósi á áhyggjur þær sem hagsmunaaðilar í siglingum hafa af siglingaöryggi og -vernd í atvinnugreininni af völdum árása á skip sem sigla um Gíneufloá og þeirrar lífshættu sem sjómenn standa frammi fyrir og siglingahættu og umhverfisvá sem stafar af árásum sjóræningja, vopnaðra ræningja og annarra afbrotamanna.

Með hliðsjón af viðleitni ríkja á svæðinu sem og annarra aðila, eru stjórnvöld hvött til að vinna með og aðstoða ríki við Gíneufloá að þróa innlenda og svæðisbundna getu sína til að bæta stjórn hafsins á hafsvæðum undir lögsögu þeirra. Einnig eru þau hvött til að koma í veg fyrir sjórán, vopnað rán gegn skipum og aðra ólöglega siglingastarfsemi í samræmi við alþjóðalög, einkum hafréttarsamninginn UNCLOS. Stjórnvöld eru hvött til að aðstoða ríki við að byggja upp getu til að draga þá sem fremja glæpi til ábyrgðar fyrir rétt. Slík aðstoð gæti falið í sér styrkingu á lagaumgjörð, þar með talið lögum gegn sjóræningjum og að stuðla að þjálfun starfsmanna innlendra stofnana á sviði siglinga. Einnig er brýnt að stjórnvöld stuðli að samhæfingu og samstarfsaðferðum gegn sjóræningjastarfsemi og löggæslu milli ríkja, svæða, stofnana og hagsmunaaðila auk miðlunar upplýsinga.

Gildistaka og framkvæmd Höfðaborgarsamningsins frá 2012 um öryggi fiskiskipa (*e. Cape Town Agreement*)

Að frumkvæði Íslands og með stuðningi Kanada, Cook Islands, Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó (DRC), Nýja-Sjálands, Perú, Suður-Afríku, Vanúatú, Færeyja og Pew Charitable Trusts var lögð fram þingsályktun sem hvetur ríkisstjórnir, sem ekki hafa enn gerst aðilar að Höfðaborgarsamningnum 2012 um öryggi fiskiskipa, að íhuga að gera það fyrir 11. október 2022, á tíu ára afmæli samþykktar samningsins (*e. adoption*).

Dagsetningin endurspeglar skuldbindingu ríkja sem undirrituðu yfirlýsingu á Torremolinos-ráðstefnunni 2019. Ályktunin viðurkennir viðleitni og framlag aðildarríkjanna, FAO, ILO og Pew Charitable Trusts til að styðja svæðisbundnar og landsbundnar málstofur, sem hafa verið haldnar í öllum heimshlutum frá 2014, um framkvæmd og fullgildingu samningsins, þar á meðal vefnámskeið (*e. webinars*) sem haldin voru á árunum 2020-2021. Þingið samþykkti þessa ályktun án athugasemda og í raun með afar góðum stuðningi fjölmargra aðildarríkja sem kvöddu sér hljóðs um málið.

Áratugurinn 2021-2030 um uppbyggingu á menntun og færni

Þingið samþykkti ályktun þar sem markmið stofnunarinnar í tengslum við uppbyggingu á menntun og færni (*e. capacity building*) á yfirstandandi áratug eru sett fram. Markiðin eru mótuð í stefnu um uppbyggingu á menntun og færni 2021-2030. Stefnan miðar að því að styðja aðildarríki við samþykkt, framkvæmd og fullnustu gerninga Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Stefnan miðar að því að uppfylla þarfir aðildarríkjanna, þ.m.t. um atriði sem kveðið er á um í úttektarkerfi aðildarríkja Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (*e. IMO Member State Audit Scheme (IMSAS)*), og setja á dagskrá markmið um siglingamál og sjálfbær þróunarmarkmið (SDG), með áherslu á að styðja við þróun og innleiðingu öflugrar innlendar siglingastefnu (*e. Maritime Policy*) og áætla sem miða að því að virkja alla möguleika hagkerfa aðildarríkja að því er varðar svið siglinga.

Stefnan felur m.a. í sér eftirtalda þætti: markmiðsyfirlýsingu, framtíðarsýn og meginreglur fyrir áætlun um uppbyggingu menntunar og færni á áratugnum 2021-2030. Stefnan felur einnig í sér fjögur vefnámskeið þar sem sett eru fram sérstakar stefnumótandi áherslur fyrir tímabilið 2021 til 2030:

1. að endurbæta og hagræða innra skipulagi IMO til að veita tækniástoð,
2. að styðja aðildarríkin við þróunarstarf í tengslum við hafið,
3. að efla svæðisbundið viðveruskrifstofukerfi (RPO), og
4. að styrkja alþjóðlegt þjálfunar- og þróunarnet.

Komið í veg fyrir sviksamlega skipaskráningu og aðrar ólöglegar athafnir á sviði siglinga

Samþykkt var ályktun sem hvetur stjórnvöld til að endurskoða ákvæði í landslögum sínum um að koma í veg fyrir hvers kyns svik á sviði siglinga og gera úrbætur, m.a. með áreiðanleikakönnun í því skyni að koma í veg fyrir slíkar athafnir og til að gæta hagsmuna allra hlutaðeigandi hagsmunaaðila.

Stjórnvöld eru hvött til að grípa til allra mögulegra ráðstafana til samstarfs sín á milli og við viðkomandi milliríkjastofnanir og hagsmunaaðila á sviði siglinga og grípa til samræmdra aðgerða á öllum viðeigandi sviðum til að berjast gegn sviksamlegri starfsemi á sjó, þar með talin upplýsingaskipti og skýrslugerð um nöfn skipa og skipaskráa sem stunda sviksamlega starfsemi á sviði siglinga.

Ályktunin hvetur ríkisstjórnir, forstjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, yfirvöld hafnarríkiseftirlits, eigendur og útgerðarmenn skipa, frjáls félagasamtök, einkageirann, þar á meðal aðila á sviði

sjóvátrygginga, skipamiðlara og aðra hlutaðeigandi hagsmunaaðila á sviði siglinga til að boða til vinnustofa þar sem lögð verður áhersla á að efla getu og standa fyrir áreiðanleikakönnunum til að finna, tilkynna um og koma í veg fyrir sviksamleg skráningarskjöl.

Uppfærð stefnumótunaráætlun um mannlega þáttinn

Þingið uppfærði stefnumótunaráætlun stofnunarinnar 2018-2023 sem nú felur í sér nýja stefnumörkun (*e. strategic direction SD*) um mannlega þáttinn.

Í stefnumótuninni eru nú átta liðir:

SD 1 Bætt framkvæmd,

SD 2 Samþætting nýrrar og þróaðrar tækni í regluverki,

SD 3 Brugðist við loftslagsbreytingum,

SD 4 Mótun ramma um stjórnun hafsins (*e. ocean governance*),

SD 5 Einföldun formsatriða og vernd á sviði alþjóðaviðskipta,

SD 6 Skilvirkni reglugerða,

SD 7 Skilvirkni í skipulagsmálum,

SD 8 Mannlegur þáttur.

Í stefnumótun um mannlega þáttinn segir: "IMO mun byggja á vinnu, sem þegar hefur verið lokið við, í hlutverki sínu sem alþjóðlegur eftirlitsaðili á siglingum til að takast á við mannlega þáttinn og mun taka tillit til hans við endurskoðun, þróun og innleiðingu nýrra og núverandi krafna. Þetta felur í sér úrræði til samstarfs milli ríkisstjórna um mannlega þáttinn í siglingum. Í þessu sambandi mun stofnunin þróa eða breyta reglum, þar á meðal en ekki takmarkað við, um menntun og þjálfun, skírteinisútgáfu og vaktstöður sjómanna, þar með talið með hliðsjón af nýrri tækni, hönnun með tilliti til mannglegra þarfa, öryggismönnun, þjálfun og æfingar, viðbrögð við ofþreytu, rekstraröryggi, siglingavernd og umhverfisvernd og sanngjarna meðferð sjómanna með hliðsjón af mikilvægis þess að tryggja jafnræði kynjanna".

Viðurkenning mannlega þáttarins sem hluti af stefnumörkun IMO undirstrikar mikilvægi hans, sérstaklega á meðan á COVID-19 heimsfaraldrinum geisar og þegar mannlegi þátturinn hefur verið þungamiðjan í samstarfi systurstofnana SP, einkum ILO, ICAO og WHO, samtaka iðnaðarins og félagsmálastofnana samstarfsaðila.

Alþjóðlegur dagur kvenna í siglingatengdum atvinnugreinum

Þingið samþykkti ályktun um að efna til alþjóðlegs baráttudags kvenna í siglingatengdum atvinnugreinum sem haldinn verður hátíðlegur 18. maí ár hvert.

Á þessum degi verða störf kvenna í greininni haldið í heiðri með það í huga að stuðla að nýliðun, viðvarandi atvinnu kvenna í siglingagreinum, vekja athygli á konum sem starfa í siglingagreinum, styrkja skuldbindingu IMO til sjálfbærs þróunarmarkmiðs Sameinuðu þjóðanna nr. 5 (jafnrétti kynjanna) og takast á við núverandi kynjamisvægi í siglingagreinum.

Í ályktuninni er skorað á aðildarríki IMO, aðila í siglingatengdum greinum og alla sem málið varðar að kynna og fagna alþjóðlegum degi kvenna í siglingum á viðeigandi og þroskandi hátt.

Fjárhags- og verkáætlun

Þingið samþykkti einnig fjárhagsáætlun og starfsáætlun stofnunarinnar fyrir árin 2022 og 2023.

Ráð IMO hefur þegar samþykkt reglubundna fjárhagsáætlun fyrir 2022-2023 tvíæringinn sem nemur 75.671.000 pundum og samanstandur af fjárveitingu sem nemur 37.350.000 pundum fyrir árið 2022 og fjárveitingu sem nemur 38.321.000 pundum fyrir árið 2023.

Kosning í ráð IMO fyrir næstu tvö ár, 2022 og 2023

Þingið kaus 40 aðildarríki til setu í ráðinu fyrir tvíæringinn 2022 og 2023.

Nýkjörið ráð IMO kom saman á 126. fundi sínum þann 16. desember. Það kaus VÍctor Jiménez frá Spáni sem formann og frú Amane Fathallah frá Marokkó sem varaformann.

Eftirtalin aðildarríki hlutu kosningu í ráð IMO

Flokkur A: 10 ríki með mesta hagsmuni við að veita alþjóðlega þjónustu á sviði siglinga:

Kína
Grikkland
Ítalía
Japan
Noregur
Panama
Lýðveldið Kórea
Rússland
Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland
Bandaríkin

Flokkur B: 10 ríki með mesta hagsmuni í alþjóðlegri siglingastarfsemi:

Ástralía
Brasilía
Kanada
Frakkland
Þýskaland
Indland
Holland
Spánn
Svíþjóð
Sameinuðu arabísku furstadæmin

Flokkur C: 20 ríki sem voru hvorki kosin í A- né B-flokk, sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta í sjóflutningum eða siglingum þannig að tryggt sé með kjöri þeirra að þau séu fulltrúar fyrir alla helstu heimshluta:

Bahamaeyjar
Belgía
Chile
Kýpur
Danmörk
Egyptaland
Indónesía
Jamaíka

Konungsríkið Sáði-Arabía
Kenía
Malasía
Malta
Mexíkó
Marokkó
Filippseyjar
Katar
Singapore
Tæland
Tyrkland
Vanúatú

Athygli vakti að Argentína féll úr flokki B en Svíþjóð komst aftur inn í sama flokk eftir að hafa fallið úr flokknum á þinginu 2019.

Samþykkt breytinga á IMO-samningnum - stækkun ráðsins

Þingið samþykkti breytingar á IMO-samþykktinni sem felur í sér að fjölga í ráðinu úr 40 í 52 aðildarríki og lengja kjörtímabil aðildarríkja þess í fjögur ár. Þar til breytingarnar öðlast gildi verður núverandi skipulag óbreytt.

Breytingarnar krefjast samþykkis tveggja þriðju hluta aðildarríkja IMO, eða 117 aðildarríkja (miðað við núverandi aðild 175 aðildarríkja) til að öðlast gildi.

Þingið samþykkti ályktun þar sem aðildarríki stofnunarinnar eru hvött til að samþykkja breytingarnar eins fljótt og auðið er með það að markmiði að þær öðlist gildi fyrir árið 2025.

Leiðbeiningar um 17. gr. IMO-samningsins

Þingið samþykkti leiðbeiningar um samræmda beitingu 17. gr. IMO-samningsins. Í 17. gr. er kveðið á um kosningu aðildarríkja í ráðið, sérstaklega að kosning í C-flokk ætti að tryggja sem víðtækasta landfræðilega alheimsdreifingu.

Leiðbeiningarnar miða að því að auðvelda að farið sé að viðmiðunum í 17. gr. IMO-samningsins, einkum að því er varðar sérhagsmuni í sjóflutningum eða siglingum og að endurspeglar betur landfræðilega alheimsdreifingu og umboð, þar með talið lítil þróunareyríki (SIDS) og lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun (LDC).

Tæmandi skrá yfir þingsályktanir (*e. Assembly Resolutions*) sem hlutu samþykki á þinginu

- A.1148(32) Results-based budget for the 2022-2023 biennium
- A.1149(32) Revised strategic plan for the Organization for the six-year period 2018 to 2023
- A.1150(32) Arrears of contribution
- A.1151(32) Presentation of audited financial statements and report of the external auditors
- A.1152(32) Amendments to the Convention on the International Maritime Organization
- A.1153(32) Guidance on consistent application of Article 17 of the IMO Convention [item 9(b)]
- A.1154(32) Revised Rules of Procedure of the Assembly

- A.1155(32) Procedures for Port State Control, 2021
- A.1156(32) Survey guidelines under the Harmonized System of Survey and Certification (HSSC), 2021
- A.1157(32) 2021 Non-exhaustive list of obligations under instruments relevant to the IMO Instruments Implementation Code (III CODE)
- A.1158(32) Guidelines for Vessel Traffic Services
- A.1159(32) Prevention and suppression of piracy, armed robbery against ships and illicit maritime activity in the Gulf of Guinea
- A.1160(32) Comprehensive action to address seafarers' challenges during the COVID-19 pandemic
- A.1161(32) Entry into force and implementation of the 2012 Cape Town Agreement
- A.1162(32) Encouragement of Member States and all relevant stakeholders to promote actions for the prevention and suppression of fraudulent registration and fraudulent registries and other fraudulent acts in the maritime sector
- A.1163(32) Interpretation of Article 4 of the Convention on Limitation of Liability for Maritime Claims, 1976, adopted by the States Parties to the Convention on Limitation of Liability for Maritime Claims, 1976, present at the Thirty-Second session of the Assembly of the International Maritime Organization
- A.1164(32) Interpretation of Article 4 of the Convention on Limitation of Liability for Maritime Claims, 1976, adopted by the States Parties to the Protocol of 1996 to amend the Convention on Limitation of Liability for Maritime Claims, 1976, present at the Thirty-Second session of the Assembly of the International Maritime Organization
- A.1165(32) Interpretation of Article 6 of the Protocol of 1992 to amend the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage, 1969 amending Article v(2) of the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage,, 1969, adopted by the States Parties to the Protocol of 1992 to amend the International Convention on Civil Liability for Oil Pollution Damage,, 1969, present at the Thirty-Second session of the Assembly of the International Maritime Organization
- A.1166(32) The capacity-building decade 2021-2030 strategy
- A.1167(32) Revised financing and partnership arrangements for an effective and sustainable Integrated Technical Cooperation Programme
- A.1168(32) Relations with Intergovernmental Organizations
- A.1169(32) Relations with Non-Governmental Organizations
- A.1170(32) International Day for Women in Maritime
- A.1171(32) Revision of the Organization's financial regulations
- A.1172(32) Urging Member States to accept the Amendments to the IMO Convention

Allsherjarþing IMO

Þingið er opið öllum 175 aðildarríkjum IMO og þremur samstarfsaðilum. Áheyrnarfulltrúar frá milliríkja- og félagasamtökum mæta einnig til þings.

Þingið er æðsta stjórn stofnunarinnar. Það samanstendur af öllum aðildarríkjum og kemur saman einu sinni á tveggja ára fresti á reglulegum fundum, en getur einnig komið saman á aukafundi ef þörf krefur. Það ber ábyrgð á að samþykkja vinnuáætlunarinnar, atkvæðagreiðslu um fjárhagsáætlun og ákvarðanir um fjárhagsáætlunar stofnunarinnar. Þingið kýs einnig fulltrúa í ráðið. Að auki samþykkir þingið tilteknar ályktanir frá fimm nefndum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og styður aðgerðir ráðsins að því er varðar samþykkt aðildar nýrra milliríkja- og frjálsra félagasamtaka sem áheyrnarfulltrúa. Þingið samþykkir einnig breytingar á tilteknum sáttmálum, ef nefnd getur ekki gert það.

Fundarskjöl þingsins: IMODOCS

Embættismenn þingsins

Þingið kaus sér eftirfarandi embættismenn:

Forseti þingsins

H.E. Mr. Antonio Manuel R. Lagdameo, Ambassador Extraordinary and Plenipotentiary and Permanent Representative of the Philippines to IMO.

Varaforsetar

Fyrsti varaforseti: H.E. Ms. Linda Scott, High Commissioner and Permanent Representative of Namibia to IMO.

Annar varaforseti: H.E. Mr. Raffaele Trombetta, Ambassador Extraordinary and Plenipotentiary and Permanent Representative of Italy to IMO.

Formaður nefndar 1: HE Mr. Laurent Parenté, sendiherra og fastafulltrúi Vanúatú hjá IMO, og formaður TCC.

Formaður nefndar 2: Ms. Marina Angsell, yfirmaður deildar alþjóðasamskipta, flugmála- og siglingamála sænsku samgöngustofnunarinnar og formaður FAL.

Formaður kjörbréfanefndar: Ms Małgorzata Bu

Greinargerð ritaði
Sverrir Konráðsson
Samgöngustofu
6. Janúar 2022